

# Minnisblað

Til: Umhverfis- og framkvæmdanefnd  
Frá: Smári Karlsson  
Dags. 7. desember 2022  
Mnr. 2022080053



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Endurskoðun vetrarþjónustu

Búið er að yfirfara texta í gildandi verklagsreglum um vetrarþjónustu í Ísafjarðarbær. Eftir að starfsmenn áhaldahúss hættu að sinna snjómokstri og moksturinn færðist til verktaka í kjölfar útboðs, er búið að fella út úr verklagsreglum vísanir í áhaldahúss þar sem það á við.

Frá því að verklagsreglurnar voru síðast uppfærðar hafa bæst við tvær götur sem þarf að þjónusta, Æðartangi og Tungubraut 2-16. Nefndin er beðin að taka afstöðu til forgangsflokkunar í snjómokstri og hvort breytinga sé þörf þar.